

Nd.

67. Nefndarálit

um frv. til l. um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin er klofin í málinu. Einn nm., LJ, skilar sérstöku álit, en undirritaðir leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU..

- a. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Nú hafa verið veitt vaxtalaus lán, og skal innheimtu þeirra hagað þannig, að hennar vegna þurfi ekki að verða stöðvun á rekstri hjá hlutaðeigandi skuldunaut, enda hafi fullrar hagsýni verið gætt í rekstrinum og fé eigi dregið út úr honum til annarra hluta.

- b. Á eftir 12. gr. komi ný gr., er verður 13. gr., svo hljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Tveir nm., FJ og SK, láta þess getið, að þeir telja, að veita beri stuðning þann til skipabygginga, er um ræðir í frv., sem styrki, en eigi lán, jafnvel þótt heimild sé í því til hvors tveggja.

Alþingi, 22. febr. 1944.

Finnur Jónsson,
form., frsm. meiri hl.

Jóhann Þ. Jósefsson,
fundaskr.

Sigurður Kristjánsson.

Eysteinn Jónsson.